

## Erindi Foreldrafélags Laugarnesskóla dags. 6. desember 2021 um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í hverfinu.

Sæl,

Foreldrafélag Laugarnesskóla vill vekja athygli Íbúaráðs Laugardals á meðfylgjandi yfirlýsingu sem félagið gaf út 5. nóvember síðastliðinn og neðangreindri greinargerð sem birt var sama dag á FB-síðu félagsins.

Tilfnið er að borgaryfirvöld vinna nú að því að safna umsögnum um stefnumörkun fyrir skóla- og frístundastarf og sviðsmyndagreiðingu um framtíðarskipan skóla í Laugardal.

Umsögn foreldrafélagsins er í vinnslu en verður í aðalatriðum byggð á þeim efnistöfum sem sjá má í meðfylgjandi texta. Það er skoðun stjórnar félagsins að stækkun skólanna sé rétt leið, annað leiði til uppbrots á skólagarð skólanna og jafnvel hverfisins okkar. Það er morgunljóst að sú íþróttaaðstaða sem börnin í hverfinu búa við er ófullnægjandi og afstaða ÍTR um að bíða þurfi niðurstöðu um þjóðarleikvang er óásættanleg. Foreldrasamfélagið í Laugardal hefur verið seinþreytt til vandræða en við finnum fyrir hratt vaxandi óþreyju í okkar baklandi.

Fyrir hönd stjórnar foreldrafélags Laugarnesskóla,  
Grétar Már Axelsson (gjaldkeri)

### *„Yfirlýsing frá stjórn Foreldrafélags Laugarnesskóla um húsnæðismál skólans*

*Frá árinu 2013 hafa skólastjórnendur unnið í samstarfi við borgina við að móta framtíðarstefnu um húsnæðismál skólans. Á þeim tíma hefur nemendum skólans fjölgað um 150 og yfirflæðið verið leyst með 7 færarlegum kennslustofum sem er skammtímalausn. Ljóst er af þéttingu byggðar að nemendum mun áfram fjölga. Fyrirhugað er að byggja um 600 nýjar íbúðir innan hverfis Laugarnesskóla og spáð er að nemendum fjölgi um 100 fram til ársins 2030. Húsnæðið ber ekki fjölda nemenda í dag og það kemur niður á námi barnanna okkar og aðstöðu þeirra. Vandinn er ekki tímabundinn heldur viðvarandi.*

*Kennsla í tónmennt og list- og verkgreinum hefur liðið fyrir húsnæðisskortinn, kennslugreinum hefur verið fjölgað, kennt er í hefðbundnum kennslustofum og börn fá færri kennslustundir í hverri grein. Mötuneyti skólans er hjartað í skólanum en það er of lítið og líða nemendur fyrir slæma hljóðvist. Aðrir innviðir eins og starfsmannaaðstaða er löngu sprungin, skólahljómsveitinni var ýtt út úr húsi og lengi mætti telja hvernig aðstaða nemenda, kennara og annarra starfsmanna hefur verið úthynnt á undanförunum árum.*

*Íþróttahús skólans er alltof lítið og hefur íþróttakennsla að miklu leyti farið fram í íþróttahúsi fatlaðra í Hátúni en óvissa er um framtíðaraðgengi skólans að því húsnæði. Að jafnaði tapar hver nemandi einni kennslustund í ferðatíma fyrir hvern tíma í íþróttum í Hátúni. Ekkert íþróttahús er við Laugalækjarskóla og Laugardalshöllin er ónothæf en þegar hún er í lagi er íþróttaiðkunn barna og unglinga vikjandi í forgangsröð fyrir ýmsum viðburðum og uppákomum. Ármann sem hefur byggt upp stærstu körfuboltadeild borgarinnar býr við þennan skerta húsakost og er á hálfgerðum vergangi í samanburði við sambærileg íþróttafélög.*

*Frístund 3.-4. bekkjar í Dalheimum er í 1,5 km. fjarlægð frá skólanum og á veturna verður leiðin til/frá henni dimm og köld fyrir börn sem sækja íþróttir og aðrar æfingar í hverfinu. Húsnæðið frístundarinnar er orðið gamalt og þreytt. Þátttökuhlutfall nemenda úr Laugarnesskóla er þar lægra en meðal jafnaldra þeirra í Langholtsskóla sem hafa um verulega styttri leið að fara.*

Fram til þessa hefur Reykjavíkurborg verið stefnulaus varðandi húsnæðismál Laugarnesskóla og annarra skóla á öllum skólastigum í hverfinu. Endurtekið hefur stefnumarkandi vinnu skólastjórnenda og vinnuhópa verið stungið ofan í skúffur og umræða kæfð.

Borgarráð samþykkti fimmtudaginn 4. nóvember 2021 að vísa þremur sviðsmyndum um „framíðarskipan skóla í Laugarnes- og Langholtshverfi“ til skóla- og frístundasviðs sem á aftur að leiða umsagnarferli í skólasamfélaginu. Ein sviðmyndanna verður að lokum gerð að tillögu til borgarstjóra og borgarráðs.

1. Skólarnir haldi sér í núverandi mynd og byggt verið við þá alla.
2. Færa 5-6.bekk úr Laugarnesskóla yfir í Laugalækjarskóla og því byggt við hann.
3. Byggður verði nýr safn-unglingaskóli í Laugardal og þá yrðu bæði Laugarnesskóli og Laugalækjarskóli fyrir 1-7.bekk.

Stjórn foreldrafélags Laugarnesskóla fagnar því að fulltrúar Laugarnesskóla fái loksins að taka samtalið sem þeir hafa lengi óskað eftir. Umræðunni þurfa svo að fylgja aðgerðir, efnidir þurfa orðum að fylgja.

Við viljum vekja athygli á nokkrum atriðum er varða sviðsmyndirnar sem til umræðu verða:

- Laugalækjarskóli hefur frá árinu 2002 haft þá sérstöðu að vera eini skóli borgarinnar þar sem 7.bekkur er hluti af unglingaskóla. Verði af flutningi 5-6.bekkjara yfir í Laugalækjarskóla verður þessi sérstaða skólans er skrítnari meðal skólanna í borginni. Þá felur þessi leið jafnframt í sér verulega breytingu á skólagerð Laugarnesskóla.
- Verði af byggingu safnsskóla á unglingastigi þá mun þurfa að breyta stórkostlega skólagerð Laugarlækjarskóla og mynda nýjan safnsskóla frá grunni á stóru svæði í Laugardalnum.
- Í tillögu 3 felst að skólhverfi Laugarnesskóla verði skipt upp þannig að jafnaldrar úr hverfinu muni ekki lengur ganga í sama skólann. Yrði hverfinu skipt upp þannig að börn sunnan Sundlaugavegar færu í 1-7.bekk í Laugarnesskóla og börnin norðan götunnar færu í Laugalækjarskóla? Hvaða áhrif hefði það á hverfið okkar, hverfameninguna, samskipti barnanna og umhverfi þeirra?

Það samtal sem nú á að fara í gang er okkur hjartans mál enda mun ákvörðun um framíðarskipan skólans ekki aðeins varða hann, heldur einnig hverfið okkar og þróun þess til næstu áratuga. Samfélagið í skólhverfi Laugarnesskóla þarf að láta sig málið varða, tækifærið til þess er tímabundið og það er núna.

Með von um samhug og dugmikla umræðu.  
Stjórn Foreldrafélags LNSK“